

Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 21. september 2023  
UST202309-127/B.S.  
10.04.02

## Efni: Aðalskipulag - Færsla á Hamraneslínu 1 og 2. Umsögn

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar dags. 13. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi bæjarins vegna fyrirætlana að leggja Hamraneslínu 1 og 2 í jörð og er hér um breytta legu jarðstrengja sem felur í sér minna jarðrask og unnt er að koma jarðstrengjum í jörð við hlið núverandi vegslóða og minnkar því rask amk hvað slóðanum nemur.

### Hraun

Samkvæmt 3. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ber að forðast röskun á nútímahrauni, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð segir að Hafnarfjarðarbær telur að fyrir liggi skýr og brýn nauðsyn að raska hrauninu á takmörkuðu svæði, til þess að unnt sé að þróa byggð í Skarðshlíðarhverfi, Álandshverfi og Hamranesi.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur og mun skipulagstillagan valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það. Umhverfisstofnun telur jákvætt að farið sé við hlið núverandi vegslóða.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og

ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson,  
**sérfræðingur**